



Ársskýrsla 2022

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
A) Nemendur	4
<i>Samsetning nemenda</i>	<i>4</i>
<i>Hlutfall nemenda eftir búsetu</i>	<i>5</i>
<i>Samsetning nemenda eftir aldri og kyni:</i>	<i>6</i>
B) Nám	6
<i>Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat</i>	<i>6</i>
<i>Námsframboð.....</i>	<i>7</i>
<i>Skipting nemenda á námsbrautir.....</i>	<i>8</i>
<i>Brottfall, námsárangur og námsframvinda</i>	<i>10</i>
<i>Brautskráning</i>	<i>11</i>
<i>Annálar</i>	<i>11</i>
C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra	11
<i>Fjöldi starfsfólks.....</i>	<i>11</i>
<i>Meðalaldur starfsfólks, allir</i>	<i>12</i>
<i>Aldursdreifing og menntun kennara</i>	<i>12</i>
<i>Jafnréttisáætlun.....</i>	<i>14</i>
<i>Samstarf við aðra</i>	<i>14</i>
D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur	14
<i>Mat á skólastarfi.....</i>	<i>14</i>
<i>Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun</i>	<i>15</i>
<i>Áhersluverkefni – framvinda</i>	<i>17</i>
E) Fjármál – rekstur FVA.....	19
G) Prófill FVA.....	20
H) Fylgiskjöl.....	21
<i>Tímalína</i>	<i>21</i>

Inngangur

Árið 2022 var árið sem kófið gekk niður og um miðjan febrúar var hægt að opna aftur salatbarinn góða í fína mötuneytinu okkar í FVA eftir tveggja ára lokun. Við lékum als á oddi. Félagslíf nemenda fór á fullt stím og tókst að halda alla hefðbundna viðburði skólastarfsins sem legið höfðu í láginni í kófinu. M.a. fór fram fjölmenn Tæknimessa í skólanum þar sem stofnanir og fyrirtæki í geiranum á Vesturlandi kynntu sig og leiklistarklúbburinn Melló setti Útfjör (Fun Home) á svið. Þau gleðitíðindi bárust í janúar að starfsfólk skóla á Akranesi eru Skagamenn ársins! Það er frábær viðurkenning fyrir okkur öll sem höfum staðið meðan stætt er í kófinu og haldið uppi námi og kennslu meðan heimsfaraldur geisaði.

Á vordögum glöddumst við líka yfir niðurstöðum úr könnuninni Stofnun ársins sem gerð var í nóvember 2021 og höfum bætt okkur í því sem var lágt síðast og hækkað okkur hressilega í einkunn. Við stukkum úr 3,98 í 4,2 sem er í þessu samhengi risastökk, því skalinn er upp í 5. Þegar samanburður milli ára er skoðaður sést að 7 af 9 atriðum hafa ekki verið hærrí frá árinu 2013. Ný könnun var lögð fyrir í desember 2022 og niðurstaðna að vænta vorið 2023.

Ný námskrá var gefin út í júní með endurskoðuðum brautar- og áfangalýsingum. Skólareglur voru uppfærðar, aðallega það sem snýr að heimavist og skólasókn. Innritunarskilyrði á NÁT og RAF breyttust, nú þarf nemandi að fá einkunnina B í stærðfræði í stað C áður. Alls bættust 26 nýir áfangar við og 17 áfangar voru uppfærðir að formi og innihaldi.

Í maí fór hópur kennara í skólaheimsókn til Kaupmannahafnar með styrk frá Vísindasjóði FF og FS þar sem þrír framhaldsskólar voru heimsóttir. Tókst ferðin í alla staði vel og var sagt frá henni í vikublaðinu Skessuhorni.

Árið 2022 einkenndist mjög af framkvæmdum í húsnaði skólans. Endurbótum á kennslustofum starfsbrautar og aðstöðu náms- og starfsráðgjafa í B-álmú skólans lauk loks í ágúst 2022 eftir mikla eftirgangsmuni. Aðstaða fyrir náms- og starfsráðgjafa er glæsileg auk þess sem nýtt fundarherbergi hefur bæst við. Efnt var til samkeppni um heiti á þessarar vistarverur og sátu fulltrúar kennara, stjórnenda og nemenda í dómnefnd. Skrifstofurnar heita Bjarg og Skjól og fundarherbergið fékk hið umdeilda heiti Blaðran. Enn stendur eftir hinn helmingur B álmunnar þar sem eru tvær tölvustofur, eldhús starfsbrautar og salerni fyrir nemendur sem þarf að taka í gegn.

Í nóvember var gert huggulegt í sameiginlegu rými á heimavist og keypt nýtt sjónvarp. Enn bólar ekki á brýnum framkvæmdum og endurbótum húsnaðis heimavistar á vegum ríkisins, en nauðsynlegt er t.d. að skipta út hurðum og gera upp þaðherbergi.

Ytra mat í FVA var framkvæmt á haustdögum 2022 af tveimur fulltrúum á vegum mennta og barnamálaráðuneytis. FVA var síðast í ytra mati 2017. Margt fróðlegt og gagnlegt kom fram við matið. M.a. er í skýrslu um matið fjallað um stjórnun, skipulag og starfsfólk skólans, félagslíf nemenda, stefnumótun og mat, nám og kennslu. Auk þess var áhugaverður kafli þar sem bornar eru saman niðurstöður rýnihóps FVA á tilteknum viðmiðum og væntingum og úttektaraðilanna. Heildarniðurstöður um skólann voru mjög jákvæðar og hvetjandi fyrir okkur öll til að halda áfram okkar góða starfi. Skýrsluna er að finna á vef skólans.

Undir árslok hófst leit að aðilum til að stýra stefnumótunarvinnu fyrir skólann til næstu ára. DecideAct var fengið til verksins og fundur með öllu starfsfólki fyrirhugaður í janúar 2023. Um leið verður svonefnt Hugarfrelsi innleitt í nám og kennslu.

Vinna hófst við stofnanasamning við starfsmenn Sameykis á árinu. Hafa þá verið gerðir stofnanasamningar við öll aðildarfélög starfsfólks FVA.

Ný skólanefnd var skipuð, ásamt fulltrúaráði, og kom fyrst saman í desember 2022 en skipunartími fyrri nefndar rann út í júní. Þá var foreldraráð endurlífgað á árinu.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Stofnað var teymi um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi á haustdögum. Í teyminu eru náms- og starfsráðgjafar, geðhjúkrunarfræðingur, jafnréttisfulltrúi, verkefnisstjóri mannauðsmála, þrír fulltrúar nemenda og fulltrúar stjórnenda.

Kappkostað er að hafa gott upplýsingaflæði, bæði innan skólans og út á við, með útgáfu vikulegs fréttabréfs sem fer til kennara, nemenda og forráðamanna nemenda yngri en 18 ára og er birt á vef skólans og Facebook síðu hans. Kappkostað er einnig að hafa samráð og samvinnu um helstu mál í skólanum og viðhafa lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti.

FVA fékk á árinu formlega staðfestingu sem Erasmus-skóli 2022-2027.

Þann 14. nóvember var fjórða græna skrefið af fimm stigið. Var því fagnað með grænum drykk og köku.

Áhrif ýmissa sóttvarnaráðstafana sem þurfti að grípa til sl. ár má nú greinilega sjá í skólastarfi, bæði í FVA og á landsvísu. Fleiri en áður sýna merki skólaforðunar og nær það nú líka til nemenda sem áður hefðu tæplega talist í áhættuhópi. Dreigið hefur úr félagslegri þátttöku og skuldbinding gagnvart námi og félagslífi fer hratt minnkandi. Hér er sannarlega áskorun á ferð fyrir alla sem að skólastarfi koma. Það er sameiginlegt verkefni kennara og nemenda að horfast í augu við þetta, rífa upp vinnugleðina, áhugann og metnaðinn og glæða námið lífi, fjöri og tilgangi. Hér í FVA hefur skapast dýrmæt þekking sem við munum búa að. Okkur fór mikið fram í upplýsingatækni og upplýsingagjöf í kófinu og leystum öll mál af yfirvegun og fagmennsku. Við vitum að þegar á reynir bregðumst við eldsnöggt við, stöndum saman og hjálpumst að.

Það er kraftur í starfsfólki skólans. Sjö kennarar skráðu sig í Menntafléttuna sem er endurmenntunarnámskeið í kennslufræði og vinna þau öll saman að starfsþróun sinni. Við í FVA byggjum á sterkum grunni hefða og framsækni, erum sveigjanleg, umburðarlynd og þrautseig. Við getum tekist á við hvaðeina sem framtíðin ber í skauti sér.

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari



A) Nemendur


Kynhlutlaus skráning kyns í þjóðskrá hefur verið möguleg frá janúar 2021 og er val einstaklings og forsjáraðila barna yngri en 15 ára. Á árinu 2022 voru engar kynhlutlausar skráningar hjá FVA og því aðeins tilgreind kynin kk (karl) og kvk (kona) í töflum sem varða tölfræði kynja í þessari skýrslu.

Á vorönn 2022 voru 477 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2022 voru 538 nemendur skráðir í skólann.


Samsetning nemenda í dagskóla og í dreifnámi á árinu 2022, miðað við fjölda og kyn:

Vorönn 2022	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli vorönn	209	43,82%	134	28,09%	343
Dreifnám vorönn	81	16,98%	53	11,11%	134
Samtals	290	60,80%	187	39,20%	477

Haustönn 2022	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	248	46,10%	139	25,84%	387
Dreifnám haustönn	82	15,24%	69	12,83%	151
Samtals	330	61,34%	208	38,66%	538



Tölurnar staðfesta áframhaldandi aukna eftirspurn í dreifnám, bæði í tréiðn og sjúkraliðanám. Fjöldi á haustönn 2022 var 151 (samtsals kk og kvk), miðað við 143 (samtsals kk og kvk) 2021 og 107 (samtsals kk og kvk) haustið 2020. Fjöldi á haustönn 2019 var 77 (samtsals kk og kvk). Fjölgunin er því samtsals ríflega 100% á þessu þriggja ára tímabili:





Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Sjá nánar yfirlit yfir þróun nemendafjölda bæði í dagskóla og í dreifnámi:

Þróun nemendafjölda í **dagskóla** frá vorönn 2019:

V - 2019	H - 2019	V - 2020	H - 2020	V - 2021	H - 2021	V - 2022	H - 2022
386	404	361	431	370	404	343	387

Þróun nemendafjölda í **dreifnámi** frá vorönn 2019:


V - 2019	H - 2019	V - 2020	H - 2020	V - 2021	H - 2021	V - 2022	H - 2022
85	77	69	107	114	143	134	151

Hlutfall nemenda eftir búsetu

Fjöldi nemenda (allir) á vorönn 2022 var 477 og á haustönn 2022 voru nemendur samtals 538. Sem fyrr er mikill meirihluti nemenda eða rúmlega 70% þeirra frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og tæplega 30% koma annars staðar að. Nemendur í dreifnámi búa flestir utan Vesturlands. Hér fyrir neðan er tafla yfir hlutfallstölur nemenda eftir búsetu á árinu 2022 og næstliðin ár.

Lögheimili	H-2022	V-2022	H-2021	V-2021	V-2020	H-2020	V- 2019	H- 2019
Akranes	68%	69%	68%	69%	73%	71%	74%	74%
Hvalfjarðarsveit	3%	3%	3%	4%	6%	4%	5%	6%
Borgarnes og Borgarfjörður	7%	7%	7%	6%	7%	6%	7%	6%
Aðrir staðir á Vesturlandi	7%	8%	8%	7%	6%	8%	5%	6%
Utan Vesturlands	15%	14%	14%	14%	8%	11%	9%	8%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall nemenda eftir búsetu yfir lengra tímabil má sjá á myndinni hér fyrir neðan:





Samsetning nemenda eftir aldri og kyni:

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2022					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		4		6	10
1971 - 1980		10		13	23
1981 - 1990		34		14	48
1991		4		1	5
1992		3		2	5
1993		6		4	10
1994		5			5
1995	2		1		3
1996		7		2	9
1997	3	4		1	8
1998		1		3	4
1999		2	2	4	8
2000	1	1	1	2	5
2001	10		3		13
2002	24		7	1	32
2003	36		32		68
2004	60		46		106
2005	73		42		115
-	-	-	-	-	-
Samtals	209	81	134	53	477

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2022					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		5		6	11
1971 - 1980		14		17	31
1981 - 1990		32		21	53
1991		4		1	5
1992		1		2	3
1993		6		5	11
1994		3		3	6
1995		1		2	3
1996		7		2	9
1997	3	1		3	7
1998		2		3	5
1999		5	2	3	10
2000	3	1	2	1	7
2001	9		1		10
2002	10		5		15
2003	24		6		30
2004	57		41		98
2005	69		41		110
2006	73		41		114
Samtals	248	82	139	69	538

Vorönn 2022			
16-19 ára, fj. samtals	289	61%	af heildarfj.
20-24 ára, fj. samtals	62	13%	af heildarfj.
25 ára+, fj. samtals	126	26%	af heildarfj.

Haustönn 2022			
16-19 ára, fj. samtals	352	65%	af heildarfj.
20-24 ára, fj. samtals	47	9%	af heildarfj.
25 ára+, fj. samtals	139	26%	af heildarfj.

B) Nám

Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat

Ný skólanámskrá tók gildi í júní 2022. Skólanámskrá er endurskoðuð reglubundið meðal annars með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar (styður heimsmarkmið SP um að auka gæði menntunar í framhaldsskólum). Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti, þjónustu o.fl. Sjá [Skólanámskrá](#). Í [kafla 2.3](#) er fjallað um námsmat, miðannarmat, verkefnaskil og prófreglur.

FVA starfar samkvæmt áfangakerfi. Skólaárið samanstendur af tveimur jafngildum önnum sem lýkur með námsmati. Miðað er við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og verknámi á þremur og hálfu til fjórum árum. Á árinu var unnið að því að færa rafvirkjabraut niður á sex annir í stað sjö.

Nemendur velja sjálfir áfanga á hverri önn í kennslukerfinu INNU, í samráði við áfangastjóra og námsráðgjafa. Nemendur hafa aðgang að kennsluáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Kennslustundir eru 55 mínútur, tvöfaldur tími er einu sinni í viku í hverjum áfanga. Leitast er við að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt þar sem ólíkum matsaðferðum er beitt. Um miðja önn fer fram leiðbeinandi miðannarmat og í lok annar eru nokkrir námsmatsdagar þar sem blandast saman símat, leiðsagnarmat og lokapróf. Símat jókst áfram á árinu 2022 í samræmi við breytta kennsluhætti og samhliða fækkaði enn frekar hefðbundnum lokaprófum.



Námsframboð

Í töflu er yfirlit yfir námsframboð hjá FVA á árinu 2022. Á vefsíðu eru aðgengilegar frekari upplýsingar um [Námsframboð](#) og [Brautalýsingar](#) sem eru uppfærðar fyrir hverja önn.

Námsframboð	Brautir á vorönn 2022	Brautir á haustönn 2022
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
Nám til stúdentsprófs	Félagsfræðabraut (FÉL)	Félagsfræðabraut (FÉL)
	Náttúrufræðabraut (NÁT)	Náttúrufræðabraut (NÁT)
	Opin stúdentsbraut (OS)*	Opin stúdentsbraut (OS)*
	Viðbótanám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótanám til stúdentsprófs (VIS)
Iðnnám	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
	Grunnnám málmíðna (MG)	Grunnnám málmíðna (MG)
	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)
	Grunnnám bíliðngreina (GB)	Grunnnám bíliðngreina (GB)
	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir		
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann		

*Á opinni stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig t.d. á sviði íþróttar og heilsueflingar, lista og nýsköpunar, í tungumálum, tónlist eða í viðskiptagreinum.

Þrátt fyrir kynningu og auglýsingar hefur ekki náðst að safna nemendum á nýsmíðaða [félagsliðabraut](#).



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Skipting nemenda á námsbrautir

Nemendur á vorönn 2022, samtals 477, skiptust þannig á námsbrautir:

Vorönn 2022	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	11	100,00%		0,00%	11	2,31%
Framhaldsskólabraut alls		11	100,00%		0,00%	11	2,31%
Félagsfræðabraut	FÉL	6	17,65%	28	82,35%	34	7,13%
Náttúrufræðabraut	NÁT	19	44,19%	24	55,81%	43	9,01%
Opin stúdentsbraut	OS	65	50,00%	65	50,00%	130	27,25%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	5	100,00%		0,00%	5	1,05%
Nám til stúdentsprófs alls		95	44,81%	117	55,19%	212	44,44%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	48	92,31%	4	7,69%	52	10,90%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	81	87,10%	12	12,90%	93	19,50%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	14	93,33%	1	6,67%	15	3,14%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	15	93,75%	1	6,25%	16	3,35%
Iðnnám alls		159	89,83%	18	10,17%	177	37,11%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	3	6,38%	44	93,62%	47	9,85%
Sjúkraliðabrautir alls		3	6,38%	44	93,62%	47	9,85%
Ótilgreint nám	ÓTN	1	50,00%	1	50,00%	2	0,42%
Ótilgreint nám alls		1	50,00%	1	50,00%	2	0,42%
Starfsbraut	ST4	21	75,00%	7	25,00%	28	5,87%
Starfsbraut alls		21	75,00%	7	25,00%	28	5,87%
Samtals		290	60,80%	187	39,20%	477	100,00%




Nemendur á haustönn 2022, samtals 538, skiptust þannig á námsbrautir:


Haustönn 2022 Námsbrautir	Skammst. brautar	Hlutfall kk af heildarfj.		Hlutfall kvk af heildarfj.		Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
		Karlar	Konur				
Framhaldsskólabraut	FRH	13	76,47%	4	23,53%	17	3,16%
Framhaldsskólabraut alls		13	76,47%	4	23,53%	17	3,16%
Félagsfræðabraut	FÉL	9	25,71%	26	74,29%	35	6,51%
Náttúrufræðabraut	NÁT	17	43,59%	22	56,41%	39	7,25%
Opin stúdentsbraut	OS	63	46,67%	72	53,33%	135	25,09%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	2	50,00%	2	50,00%	4	0,74%
Nám til stúdentsprófs alls		91	42,72%	122	57,28%	213	39,59%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	68	93,15%	5	6,85%	73	13,57%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	96	88,89%	12	11,11%	108	20,07%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	9	90,00%	1	10,00%	10	1,86%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	24	100,00%		0,00%	24	4,46%
Iðnnám alls		197	91,63%	18	8,37%	215	39,96%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	3	4,76%	60	95,24%	63	11,71%
Sjúkraliðabrautir alls		3	4,76%	60	95,24%	63	11,71%
Ótilgreint nám	ÓTN						
Ótilgreint nám alls							
Starfsbraut	ST4	26	86,67%	4	13,33%	30	5,58%
Starfsbraut alls		26	86,67%	4	13,33%	30	5,58%
Samtals		330	61,34%	208	38,66%	538	100,00%

Á myndum hér fyrir neðan má sjá a) skiptingu nemenda á námsbrautir á vor- og haustönn 2022 og b) skiptingu nemenda á brautir eftir kyni, meðaltal nemenda beggja anna.

a) skipting nemenda á námsbrautir á vorönn 2022 og haustönn 2022:



- b) skipting nemenda á brautir eftir kyni, nemendur á ársgrundvelli (meðaltal nemenda beggja anna er 507,5 (V2022 477; H2022 538)):



Brottfall, námsárangur og námsframvinda

Brottfall nemenda á vorönn 2022 var 5,9% eininga sem er 1,15% meira en á vorönn 2021. Brottfall á haustönn 2022 var einnig 5,9% eininga sem var 0,21% minna en á haustönn 2021.

Við rýnum allar tölur vel, greinum brotthvarfshópinn hverju sinni og grípum inn í þar sem það er hægt. Ætíð er hugað að líðan nemenda og að veita þeim stuðning í námi til að auðvelda þeim að ljúka námi með góðum árangri á áætluðum námstíma (3 ár til stúdentsprófs, 4 ár til brautskráningar af iðnnámsbrautum). Stoðteymi samanstendur af náms- og starfsráðgjöfum í 1,5 stöðugildum og skólahjúkrunarfræðingi í 50% stöðu (12,5% hlutfall er greitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands). Heimavistarnemendur fengu sérstakan stuðning á vorönn 2022.

Á haustönn var stofnað EKKO-teymi sem sérhæfir sig í viðbrögðum við einelti, kynbundnu og kynferðislegu áreiti. Í teyminu sitja námsráðgjafar, jafnréttisfulltrúi, fulltrúar nemenda, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúar stjórnenda. Námsaðstoð í stærðfræði og íslensku var veitt í Verinu en aðsókn var afar lítil. Einnig er skólinn þátttakandi í verkefni Heilsueflandi framhaldsskóli og vinnur í gegnum það að því að styðja nemendur til heilbrigðs lífsstíls á öllum tímum.

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2022 var 6,9 og fallprósenta 15,05% en á haustönn 2022 var meðaleinkunn í skólanum 6,82 og fallprósenta 12,42%.

Með hugtakinu námsframvinda er átt við á hve löngum tíma nemendur ljúka námi. Eftirlit með námsframvindu og aðgerðir til eftirfylgni og úrbóta þegar þess þarf við er í samræmi við áherslur yfirvalda um að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (styður við heimsmarkmið 5b). Í töflu hér neðar er yfirlit yfir námsframvindu næstliðinna ára. Nokkur fjöldi nemenda lýkur námi til stúdentsprófs á 3,5 eða 4 árum en horft er til þess að aukinn og markviss stuðningur við nemendur fjölgi þeim sem útskrifast á áætluðum námstíma. Þá er rétt að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum. Eftirlit með námsframvindu tengist m.a. markmiðum kjarnastarfsemi í stefnumiðaðri áætlun. Sjá yfirlit yfir árangur á síðastliðnum árum:



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

	Loknar einingar > 40 eftir 2 annir	Loknar einingar > 80 eftir 4 annir	Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna eín.	Hlutfall lokinna eín.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%
Vor 2021	75%	76%	43%
Vor 2022	93%	75%	46%

Brautskráning

Brautskráningarathöfn á vorönn 2022 var þann 20. maí og voru 66 nemendur brautskráðir.
Brautskráningarathöfn á haustönn 2022 var þann 17. desember og brautskráðir voru 54 nemendur.

Yfirlit yfir brautskráða á vorönn 2022 og haustönn 2022:

Brautskráningar frá FVA	Vorönn 2022		Haustönn 2022		Árið 2022 kk/kvk
	kk	kvk	kk	kvk	
Stúdentspróf	8	29	4	4	45
Brautskráning af iðnbraut	19	2	22	2	45
Brautskráning af starfsbraut	2	1			3
Meistaránám					0
Brautskráning af sjúkraliðabraut			2	16	18
Lokið viðbótarnámi eftir brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut	5		1		6
Lokið stúdentsprófi og brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut			3		3
Samtals	34	32	32	22	120
Samtals hvor önn		66		54	

Annálar

Það sem helst bar til tíðinda úr skólastarfi 2022 er fært í annála sem eru aðgengilegir á heimasíðu FVA:

[Annáll vorannar 2022](#)

[Annáll haustannar 2022](#)

C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra

Skólameistari FVA frá 1. janúar 2020 er Steinunn Inga Óttarsdóttir. Hún er sjötti skólameistarinn frá stofnun skólans 1977.

Fjöldi starfsfólks

Fjöldi starfsfólks FVA á vorönn 2022 var 66, þar af 47 kennarar í 40,21 stöðugildum og annað starfsfólk 19 í 15,14 stöðugildum.

Fjöldi starfsfólks á haustönn 2022 var 69, þar af 48 kennarar í 42,57 stöðugildum og starfsfólk í öðrum störfum var 21 í 16,24 stöðugildum.

Þrjú kennarar voru í námsleyfi skólaárið 2022-2023.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Kennarar samtals 47 (40,21 stöðugildi) á vorönn 2022 og 48 (42,57stöðugildi) á haustönn 2022:

Kyn	Vorönn 2022			Haustönn 2022		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	22	46,81%	19,83	23	47,92%	20,45
Konur	25	53,19%	20,38	25	52,08%	22,12
Heildarfj.	47	100,00%	40,21	48	100,00%	42,57

Annað starfsfólk samtals 19 (15,14 stöðugildi) á vorönn 2022 og 21 (16,24 stöðugildi) á haustönn 2022.

Kyn	Vorönn 2022			Haustönn 2022		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	3	15,79%	2,5	3	14,29%	2,5
Konur	16	84,21%	12,64	18	85,71%	13,74
Heildarfj.	19	100,00%	15,14	21	100,00%	16,24

Meðalaldur starfsfólks, allir

Aldur starfsfólks 2022	Heildin	kk	kvk
Meðallífdur, ár	48,85	47,83	49,51
Meðalstarfsaldur ár	7,54	5,67	8,76

Nýliðin ár hefur verið nokkur starfsmannavelta, bæði í tengslum við lok starfsferils vegna aldurs sem og vegna þess að starfsfólk með langan starfsaldur hefur farið til starfa á öðrum vettvangi tengt búsetu (býr ekki á Akranesi). Samhliða hefur meðallífdur farið lækkandi (var 51,13 ár 2020).

Aldursdreifing og menntun kennara

Aldursdreifing kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og í hlutastarfi var eftirfarandi:

Aldur í árum	Vorönn 2022					Haustönn 2022					
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		Karlar	Konur	Karlar	Konur		
20 - 29	0	1	0	0	1	20 - 29	0	1	1	0	2
30 - 39	3	3	0	1	7	30 - 39	3	4	0	2	9
40 - 49	3	4	1	4	12	40 - 49	5	2	2	4	13
50 - 59	5	3	1	3	12	50 - 59	5	7	2	1	15
60 - 69	7	5	2	1	15	60 - 69	4	3	1	1	9
Samtals	18	16	4	9	47	Samtals	17	17	6	8	48

Menntun kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og hlutastarfi var eftirfarandi:

Á vorönn 2022 voru 34 kennarar í fullu starfi; allir utan þrjár með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Þá voru 13 í hlutastarfi á vorönn og allir utan einn með kennsluréttindi. Á haustönn 2022 voru 33 kennarar í fullu starfi; allir



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi


utan þrír með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Þá voru 15 í hlutastarfi á haustönn og allir utan fjórir með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum.

Í FVA hefur ungum kennurum með réttindi í verknámi sannarlega fjölgað. Markvisst er unnið að því að hvetja þá kennara sem starfa án réttinda við skólann til að ljúka kennsluréttindanámi. Það er gert í starfsmannasamtölum, með tímabundinni umbun í launasetningu og sveigjanleika í stundaskrá og almennri hvatningu til starfsmannahópsins. Á landsvísu hefur í gegnum árin skort verulega á það í verknámi að kennarar hafi kennsluréttindi en smátt og smátt fjölga þeim sem ljúka náminu. Tveir leiðbeinendur af ofantöldum sem eru réttindalausir skólaárið 2022 eru ráðnir tímabundið og tveir hafa þegar hafið námið.

Meirihluti kennara við skólann var með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum sem hér segir:

Menntun	Vorönn 2022		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Í fullu starfi		kk	kvk	
MA/MS/PhD+UK	4	8	1	6	19
MA/MS/PhD					
BA/BS +UK	3	6		4	13
BA/BS	1	1			2
Iðnm. +UK	10		1		11
Iðnm.					
Sveinspróf		1			1
Annað			1		1
Samtals	18	16	3	10	47

Menntun	Haustönn 2022		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Í fullu starfi		kk	kvk	
MA/MS/PhD+UK	4	11	2	2	19
MA/MS/PhD				1	1
BA/BS +UK	2	6		4	12
BA/BS	1		1	1	3
Iðnm. +UK	7		3		10
Iðnm.		2			2
Sveinspróf					
Annað			1		1
Samtals	16	17	7	8	48



Stjórnendateymi skólans 2022 skipuðu skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri mannaðsmála. Samtals 9 deildarstjórar störfuðu á árinu, 5 karlar og 4 konur sem héldu utan um eftirfarandi verkefni/námssgreinar:

Verkefni/námssgreinar deildarstjóra frá haustönn 2022	Deildarstjórn
Erlend tungumál, íslenska sem annað tungumál	kvk
Húsasmíði	kk
Íslenska og skapandi greinar	kvk
Rafvirkjun	kk
Raungreinar, íþróttir, heilbrigðisgreinar	kk
Samfélagsgreinar, lífsleikni, saga	kk
Starfsbraut	kvk
Stærðfræði, upplýsingatækni og viðskiptagreinar	kvk
Vélvirkjun	kk



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Jafnréttisáætlun

Skýrsla um stöðu jafnréttismála á árinu 2021 var send Jafnréttisstofu á fyrri hluta árs 2022. Mat Jafnréttisstofu í kjölfarið var að skýrslan væri vonduð og upplýsandi. Einnig kom fram ánægja með þá nálgun okkar að birta kyngreinda tölfræði yfir nemendur í forsvari fyrir hinum ýmsu verkefnum, klúbbum og nefndum á vegum nemendafélagsins eða skólans. Á árinu lagði jafnréttisfulltrúi fram hugmynd að fræðslu um jafnréttismál, þar sem sjónum yrði beint að orðanotkun og hugtökum sem snerta jafnrétti; áætlað er að hefja fræðsluna á vorönn 2023 en hún mun ná bæði til nemenda og starfsfólks. Jafnframt var skilað yfirliti til Jafnréttisstofu um stöðu aðgerða í áætluninni þar sem m.a. kom fram að kynjafraði er orðin skyldugrein í FVA og unnið er að endurreisn feminstafélagsins Bríetar en starfsemin hefur legið niðri um nokkurt skeið. Þá er unnið að endurskoðun á EKKO áætlun skólans sem verður lokið vorið 2023.

Skýrsla vegna ársins 2022 er unnin í ársbyrjun 2023 og jafnframt verður jafnréttisáætlun endurskoðuð; ný áætlun mun gilda til 2026. Þegar þetta er ritað í apríl 2023 er hvoru tveggja aðgengilegt á vef skólans: [Skýrsla 2022](#) og [ný jafnréttisáætlun](#).

Samstarf við aðra

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbrotaskóla Suðurlands og Fjölbrotaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál. Auk þess er haldið góðu sambandi við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrotaskóla Snæfellinga um ýmis fagleg mál, s.s. félagslíf nemenda o. fl. Skólinn á einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi, t.d. varðandi innritun og félagslíf í skólanum. Þá á skólinn gott samstarf við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Stóriðjuskóla Norðuráls um námsframboð.

Gott samstarf er haft við Akraneskaupstað. M.a. eru vikulegir fundir haldnir í stoðteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar. Einnig er haft gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi og grunnskólana tvo í bænum. Kynning á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum, er alla jafna fastur punktur. Skólameistari situr í stjórn Þróunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi. Á Breið er FabLab-smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma í stundatöflu og hefur skólinn skilað umsömdu framlagi ráðuneytis upp á 4 milljónir til félagsins. Skólameistari situr í nefnd um aukna virkni stofnanasamninga á vegum KÍ/FF og FS skv. bókun 3. Nefndin er fyrst og fremst samráðsvettvangur með tengingu við helstu aðila sem koma að stofnanasamningagerð í framhaldsskólum. Var enginn fundur haldinn árið 2022.

Skólameistari var skipaður varamaður í kennararáði þann 19. september. Fyrsti fundur er fyrirhugaður í janúar 2023.

Gjöfult samstarf er við Heilsugæslu Vesturlands (HVE) um nám og kennslu á sjúkraliðabraut. Skólinn er í samstarfi við HVE um nemendapjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings. Á árinu var starfshlutfallið hækkað í 50% en framlag HVE er óbreytt. Í nóvember var tilkynnt um aukið fjármagn frá ráðuneyti til geðheilbrigðisþjónustu við framhaldsskólana þrjá á Vesturlandi. Ekki náðist niðurstaða á árinu um hvernig eigi að koma þessu sem best fyrir.

Þrjú stór samstarfsverkefni við erlenda skóla voru á bið 2021 vegna COVID-19 en þó tókst fjórum nemendum að fara með kennara til Sevilla á Spáni í nóvember í verkefni sem kallast Schools for a Green Future. Á árinu fékkst samþykki fyrir nýju samstarfsverkefni sem heitir Be Green og koma fimm lönd að því auk Íslands, Frakkland, Búlgaría, Grikkland og Tyrkland. Á árinu gerðist FVA Erasmus+ skóli sem þýðir einfaldara umsóknarferli á hverju ári í erlend verkefni og tryggan aðgang að fjármagni.

Skipunartími skólanefndar FVA rann út 12. júní 2022 og var ný nefnd skipuð um haustið ásamt nýju fulltrúaráði. Fundað var með nýju fulltrúaráði og skólanefnd þann 7. desember ([fundargerð](#)). Upplýsingar um [skólanefnd](#) eru aðgengilegar á vefsíðu skólans. Þá var [foreldraráð FVA](#) endurvakið haustið 2022 og fundar reglulega.

D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur

Mat á skólastarfi

Lagðar voru fyrir nokkrar kannanir á árinu sem skólinn stóð fyrir eða tók þátt í en niðurstöður eru nýttar til leiðsagnar um hvað gengur vel og hvar þarf að gera betur. Kannanir á árinu 2022 voru eftirfarandi:

Kennslukönnun er lögð fyrir í völdum áföngum á hverri önn. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri mati sínu á kennslu og námsefni.



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Framhaldsskólalög 2022-2023 (samræmd könnun lögð fyrir framhaldsskólanema - niðurstöður nýttar til að meta árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag).

Ungt fólk – var á dagskrá 2022 en lögð fyrir haustið 2021 svo skoða mætti þróun yfir tíma frá því fyrir COVID-19. Rannsókn og greining framkvæmir könnunina sem nær til upplýsinga um vímuefnanotkun, nám og skóla, heilsu og líðan, frítíma o. fl.

Innra mat er framkvæmt árlega og umfjöllun um niðurstöður og mat er birt í árlegum [skýrslum um innra mat](#) í lok hvers skólaárs. Skýrslu um niðurstöður er jafnframt skilað til ráðuneytisins. Markmið með matinu er að veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Matið er einnig verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum). Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat 2022-2025 og skýrslur innra mats eru aðgengilegar á [vef skólans](#).

Stofnun ársins. Í inngangi er sagt frá ánægjulegum niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins 2021. Ný könnun var lögð fyrir starfsfólk haustið 2022. Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt auk jafnréttis. Niðurstöður lágu fyrir í febrúar 2023: Heildareinkunn FVA er 4,21 og settu árangursmarkmiði í stefnumiðaðari áætlun (4,2). Ef horft er til niðurstöðunnar árið áður þá má segja að við höfum haldið í horfinu því þá var heildareinkunnin 4,20 sem var umtalsverð bæting frá árinu 2020 eða 0,22 stig. Þátttaka starfsfólks í könnuninni nú var betri nú en nokkru sinni áður en svarhlutfall var 83% á móti 75,44% árið áður, 60% árið 2020 og 39% árið 2019. Munur á milli einkunna 2021-2022, þ.e. munur á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs, var lítill eins og fram er komið en mestur var munurinn á milli sveigjanleika í vinnu (- 0,27) og jafnrétti (+ 0,12); annar munur á bilinu – 0,03 til + 0,07). Áfram verður unnið að því að gera enn betur á öllum sviðum, greina tækifæri til umbóta og hrinda í framkvæmd. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#). FVA flokkast með meðalstórum stofnunum, 46 samtals og raðast þar í 12. efsta sætið. [Yfirlit yfir þróun](#) einkunna FVA í Stofnun ársins er aðgengilegt á vefsíðu skólans.

Ytra mat fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt mennta- og barnamálaráðuneytisins á því hvernig framhaldsskólar uppfylla skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á starfsemi FVA fór fram haustið 2022; í úttektarskýrslu, [Ytra mat](#), sem er aðgengileg á vef skólans gera úttektaraðilar grein fyrir heildarniðurstöðum og draga saman styrkleika sem þeir telja einkenna skólastarfið í fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við matið sem og tækifæri til umbóta. Listi úttektaraðila yfir tækifæri til umbóta var rýndur og drög stjórnenda að úrvinnslu kortlögð; sjá nánar í kaflanum Áhersluverkefni – framvinda. Í heild fær skólastarfið afar góða dóma og blæs það okkur anda í brjóst til að halda áfram að gera okkar besta.

Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun

Stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára er í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin samræmist stefnunni. Áætlunin var uppfærð haustið 2022 og voru ný markmið þá sett í stað þeirra sem var þegar náð eða eiga ekki lengur við. Sem fyrr voru skilgreindar aðgerðir og mælikvarðar sem eru lagðir til grundvallar við mat á árangri, ávinningi fyrir starfsemina og ráðstöfun fjármuna í völdum þáttum. [Stefnuskjalið](#) í heild er aðgengilegt á vef skólans. Árangursmæling gengur út frá stöðu árangursmælikvarða árið 2021 og næsta viðmið til mælingar er 2023. Hér fyrir neðan er því yfirlit yfir framvindu á árinu 2022 en ekki mældan árangur.

Markmið í kjarnastarfsemi

A1 Bæta skólasókn og virkni í skólalífi hjá nemendum af erlendum uppruna og á flóttu frá Úkraínu

Markmiðið er í samræmi við gildandi fjármálaáætlun um samhæfða þjónustu fyrir viðkvæma hópa og stuðning við nemendur af erlendum uppruna

Mælikvarðar (lokna einingar, hlutfall sem nær viðmiðum um lokna einingar og skólasóknareinkunn) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Framvinda aðgerða 2022:

A1.1; Móttökuáætlun fylgt og undirbúningur Mentors-kerfis í vinnslu (hófst 2021)

A1.2; Foreldratengsl eflað með auknum samskiptum (kynningar, samtöl) með tülkaþjónustu

A1.3; Náms- og starfsráðgjöf var eflað með aukningu stöðugilda og sjónum beint að stuðningi við hópinn

A2 Styðja við nemendur sem koma með D í stærðfræði og íslensku á grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut)

Markmiðið er í samræmi við gildandi fjármálaáætlun um samhæfða þjónustu fyrir viðkvæma hópa

Mælikvarðar (loknað einingar, skráningar í frekara nám, fjöldi sem útskrifast) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021

Framvinda aðgerða 2022:

A2.1; Endurskoðun námskrár fór fram; aukin fræðsla í stærðfræði og íslensku

A2.2; Aukin námsráðgjöf og tenging við atvinnulífið styrkt (heimsóknir á vinnustaði)

A2.3; Hugað að auknum stuðningi, s.s. með innritunarviðtölum við nýnema

A3 Fjölga útskrifuðum í iðn- og starfsnámi

Markmiðið er í samræmi við gildandi fjármálaáætlun um að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi

Mælikvarðar (minnkað brottfall) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021

Framvinda aðgerða 2022:

A3.1 - A3.3; Ákvörðun um aukna rýni á kennsluhætti og námskrá, aukid samtöl og stuðningur, þ.m.t. með aðkomu stoðteymis

Markmið í rekstrarþáttum

B1 Efla mannauð og ímynd FVA

Mælikvarðar (staða í stofnun ársins, fjöldi birtra greina, samkeppnishæf laun) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021

Framvinda aðgerða 2022:

B1.1; Ákvörðun um að endurnýja skrifborð í kennslustofum (lyftuborð), nuddstóll fyrir starfsfólk pantaður, virkt heilsuefningarteymi og starfsmannafélag, starfsmannasamtöl og snerpusamtöl við kennara í áföngum sem fara í kennslukönnun, áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti. Samskiptasáttmáli í undirbúningi. Einkunn í stofnun ársins var 4,21 (4.20 árið 2021)

B1.2; Kynning á skólanum aukin, m.a. með virkri Instagram síðu og birtingu greina

B1.3; Stofnanasamningur við Sameyki var uppfærður og allir stofnanasamningar gildir í árslok. Stofnanasamningur KÍ verður tekinn upp hjá samstarfsnefnd í ársbyrjun 2023 og ætlað lokið um mitt árið

B2 Bæta starfræna þjónustu, gagnvörslu og gagnaskil

Mælikvarðar (þroskastig skjalavistunarkerfis (skv. viðmiði Þjóðskjalasafns), beiðnakerfi, rafræn atvikaskráning) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021

Framvinda aðgerða 2022:



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

- B2.1; Drög lögð að endurskoðun málalykils í GoPro og stefnt að gildistöku haustið 2023 að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns. Samhliða verður skjalavistunarfesta fullunnin
- B2.2; Leitað lausna fyrir beiðnakerfi fyrir skrifstofu, húsvörslu og mötuneyti; lausn ekki fyrirbyggjandi í árslok 2022 en ætlað að hún náist á árinu 2023
- B2.3; Atvikaskráning er rafræn af vefsíðu og utanumhald í gegnum Outlook; ákveðið í árslok að flytja hana yfir í CCQ (gæðahandbók á vefnum) 2023

B3 Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri

Mælikvarðar (framþróun í grænum skrefum, minnka notkun/sóun og endurvinnsla, notkun hleðslustöðvar) og aðgerðir eru tíundaðar í [stefnuskjalinu](#). Árangursviðmið 2023 eru út frá stöðu 2021

Framvinda aðgerða 2022:

- B3.1; Fjórfra græna skrefinu af fimm lokið.
- B3.2; Markmiði um gróðursetningu og kolefnisjöfnun náð
- B3.3; Flokkun lífræns úrgangs á áætlun 2023 skv. lögum og fyrirhuguðum breytingum á sorphirðu hjá Akraneskaupstað

Áhersluverkefni – framvinda

Auk tíundaðra aðgerða í tengslum við markmið stefnumiðaðrar áætlunar í kaflanum hér á undan eru mörg önnur verkefni í gangi á hverjum tíma. Reglubundið er lagt mat á hvort framvinda er í samræmi við væntan árangur og brugðist við eftir því sem við á, t.d. með því að endurskoða og meta hvort önnur nálgun kann að vera árangursríkari eða hvort þolinmæði og hvatning er það sem til þarf. Áhersluverkefnin eru af tvennum toga:

- a) Verkefni sem voru á dagskrá á árinu 2022 og verða áfram í vinnslu á næsta ári/árum.
 - b) Úrvinnsluáætlun fyrir skilgreind tækifæri til umbóta í Ytra mati 2022.
- a)
- Innleiðing gæðahandbókar á vefnum til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu er í vinnslu; handbókinni var hleypt af stokkunum á vorönn en innleiðingu verður ekki að fullu lokið fyrr en í lok árs 2023.
 - Áfram er unnið með gátlista Landlæknis undir merkjum Heilsueflandi framhaldsskóla. Ávinningurinn felst í því að greina tækifæri til umbóta. Fyrirhugað var að taka í notkun gátlistann Heilsueflandi vinnustaður á árinu til að nýta í tengslum við heilsueflingu starfsfólks en það náðist ekki.
 - Stöðugt er hugað að heilsueflingu í námi og starfi. Allt árið voru á dagskrá verkefni og viðburðir til að styðja við heilbrigðan lífsstíl sem endurspeglast í bættri líðan. Nefna má reglubundnar göngufærðir, ratleiki og keppnir þar sem bæði starfsfólk og nemendur geta tekið þátt. Grænkerafæði er valkostur alla skóladaga hjá mötuneytinu í hádegi og orkudrykkir eru ekki seldir í skólanum.
 - Haustið 2022 var lokið við úrbætur á neðstu hæð í B álmu (starfsbraut og vinnuástaða náms- og starfsráðgjafa).
 - Starfsemi deilda er stöðugt í þróun og hún aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Til þess að fylgja þessu eftir eiga skólastjórnendur reglubundið samtöl við deildarstjóra um stöðuna hverju sinni, námsframboð og námsefni.
 - Áfram var unnið gegn brotthvarfi úr námi með markvissum aðgerðum og stuðningi, s.s. viðtölum við nemendur í upphafi annar og eftirfylgd við þau af hálfu náms- og starfsráðgjafa. Stuðningur við viðkvæma hópa var og verður í forgrunni.
 - Lýðræðislegir og nútímalegir starfs- og kennsluhættir eru í stöðugri þróun í skólanum.
 - Undirbúningur að mótun samskiptasáttmála í samstarfi við nemendur og starfsfólk hófst á árinu 2022 og áætluð lok eru vorið 2023.
 - Áhersla er á virkt jafnréttisstarf á öllum sviðum. Sjá jafnréttisvísi í [Jafnréttisskýrslu vegna 2022](#).
 - Til stóð að bæta skráningu starfsmannaupplýsinga í launa- og mannauðskerfi ríkisins til að auðvelda utanumhald um ýmsa tölfræði, s.s. menntunarstig starfsfólks, starfsþróun o.fl. Þetta verkefni náðist að hluta á árinu og verður áfram á dagskrá 2023.
 - Vinna áfram að því að jafna kynjadreifingu í verknámi þar sem karlar eru í meirihluta (heimsmarkmið SP).



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

- Unnar voru verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eru þær aðgengilegar í [gæðahandbók FVA](#) á vefnum. Farið var yfir persónuverndarreglur og leiðbeiningar (s.s. reglur um myndbirtingar og upptökur (hljóð og mynd)) með nemendum í lífsleikni, stjórn nemendafélagsins og með starfsfólki.

b)

<i>1. Stjórnun og skipulag</i>	<i>Úrvinnsla 2023</i>
Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans	Tengja stefnumótunarvinnu 2023
Ljúka við heildstætt gæðakerfi og gæðahandbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu	Áfram í vinnslu 2023
Vinna áfram með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun skólans	Tengja stefnumótunarvinnu 2023
Ljúka við stefnu um nám- og kennslu í FVA	Í kjölfar stefnumótunarvinnu 2023
Endurskoða skipurit	2023
<i>2. Kennsla og námsframboð</i>	
Stefna að því að allir kennarar hafi lokið námi til kennsluréttinda	Sífelluverkefni: Nú þegar í vinnslu, m.a. með svigrúmi í stundaskrá sem veitt er til náms
Mikil starfsmannavelta sl. 5 ár	Nokkrir hætt vegna aldurs, meðalaldur fer lækkanði; Sífelluverkefni: Virk mannauðsstefna að styðja við jákvætt starfsumhverfi
Skoða fjölbreyttar kennsluáðferðir í öllum námsgreinum/áföngum	Sífelluverkefni; stöðug hvatning til aukinnar starfsþróunar kennara, m.a. í gegnum stofnanasamning
Námsgögn í sumum tilfellum komin til ára sinna	Endurskoðun falin deildarstjórum 2023 og áfram
<i>3. Samskipti og líðan</i>	
Ljúka við samskiptasáttmála	2023
Skoða þarf líðan nemenda í skólanum	Sífelluverkefni; kannanir 2023 skv. áætlun; aukin stoðþjónusta
Koma foreldraráði í meiri virkni	2023
Nýta tækifærið með 10 bekk í húsnæði skólans til aukinnar samþættingar á námi og tengsla skólastiganna	Náðist takmarkað 2022; 10. bekkur ekki í húsi hjá okkur e. áramót 2023: Stjórnendur og deildarstjórar komi á auknum tengslum
Setja aukinn kraft í félagslíf skólans og virkja fleiri nemendur til þátttöku s.s. í klúbbastarfi	Sitthvað ávannst 2022, fókus settur á 2023 á að endurskoða verkefni félagslífs- og forvarnarfulltrúa
<i>4. Húsnæði og aðbúnaður</i>	
Stöðugt viðhald á húsnæði og ljúka endurnýjun heimavistar	Sífelluverkefni Í eftirfylgd við Framkvæmdasýsluna hjá skólameistara og umsjónarmanni fasteigna
Draga úr hraða umferðar í kringum skólann	2023 – í samstarfi við Akraneskaupstað
Bæta aðstöðu á myndlistarsviði	2023 – í vinnslu hjá skólameistara og listkennara
Auka rými fyrir hefðbundna íþróttakennslu innan skólans	Verður ekki gert.
Séraðstaða fyrir stjórn nemendafélagsins	2023 – til úrlausnar hjá skólameistara og umsjónarm. fasteigna
<i>5. Lykilárangur</i>	
Leita leiða til að draga úr brotthvarfi	Sífelluverkefni; 2023: Aukin þjónusta og utanumahald um nemendur í viðkvæmri stöðu
Skoða markvisst hvernig grunnþættir menntunar birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti menntunar í skólanum	2023-24 – Skipuleggja nálgun vor og haust



E) Fjármál – rekstur FVA

	2022	2021
Aðrar rekstrartekjur	-6.275.000	-6.252.000
Samtals aðrar rekstrartekjur	-6.275.000	-6.252.000
Sértekjur	-80.242.417	-54.918.140
Samtals Sértekjur	-80.242.417	-54.918.140
Dagvinna	499.695.266	452.819.292
Vaktaálag	1.523.874	1.801.388
Aukagreiðslur	3.264.115	10.304.847
Yfirvinna	99.930.775	78.242.389
Launatengd gjöld	139.610.715	125.161.620
Orlof	4.115.449	3.330.591
Samtals launagjöld	748.140.194	671.660.127
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	240.000	
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	53.100	
Fundir, námskeið og risna	3.544.543	1.643.053
Akstur	2.610.381	1.329.577
Samtals ferðir og fundir	6.448.024	2.972.630
Tímarit, blöð og bækur	998.820	887.627
Skrifstofuvörur og áhöld	2.632.398	2.998.280
Aðrar vörur	35.672.672	26.049.626
Samtals rekstrarvörur	39.303.890	29.935.533
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	12.992.536	12.082.102
Önnur sérfræðipjónusta	12.906.559	12.905.994
Sími og ýmis leigugjöld	11.700.892	8.011.064
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.569.332	1.656.813
Samtals aðkeypt þjónusta	39.169.319	34.655.973
Húsaleiga og aðk. ræsting	200.357.004	187.221.952
Rafmagn og heitt vatn	7.798.188	7.118.785
Verkkaup og byggingavörur	4.528.104	1.889.461
Samtals húsnæði	212.683.296	196.230.198
Verkstæði og varahlutir	1.598.337	2.299.813
Brennsluefni og olíur	58.829	110.655
Samtals bifreiðar og vélar	1.657.166	2.410.468
Vextir, bætur, skattar	376.200	372.455
Afskriftir eigna	12.339.235	11.325.702
Tilfærslur	37.530	
Samtals rekstrarkostnaður	12.752.965	11.698.157
Framlag ríkissjóðs	-972.983.022	-882.671.463
Framlag til afskrifta	-12.339.235	-11.325.702
Samtals framlag ríkissjóðs	-985.322.257	-893.997.165
Rekstrarafkoma	-11.684.820	-5.604.219



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Ársvelta á árinu 2022 var 1.071,5 milljónir kr. samanborið við 955,2 milljónir kr. árið 2021 og afkoman 11,6 milljónir kr. samanborið við 5,6 millj. kr. á árinu 2021. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 103 milljónir í árslok og eignir samtals 223,4 milljónir.

Sértekjur skólans á árinu námu 80,2 millj. kr. samanborið við 54,9 millj. kr. á árinu 2021.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 985,3 millj. kr. samaborið við 894 millj. kr. árið 2021.

Heildargjöld skólans á árinu 2021 námu 1060,1 millj. kr. en á árinu 2021 voru heildargjöldin 949,6 millj. kr.

Í lok árs 2022 var framlag til FVA aukið um 10,7 milljónir kr. vegna námsorlofs, 6,8 milljónir vegna umfangsmeiri starfsbrautar m.v. áður gerðar áætlanir auk 1,6 milljóna v. kennslu á ÍSA áfanga. Þá voru á sama tíma færðar 70 milljónir kr. í varasjóð MRN vegna afgangis af rekstri stofnunarinnar.

G) Prófíll FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um rúmlega 500 nemendur (meðaltal nemenda beggja anna er 507,5) og um 70 starfsmenn í alls um 57 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2022 voru 490.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2022 voru 72% nemenda í dagskóla og 28% í dreifnámi. Á haustönn 2022 var hlutfallið óbreytt, þ.e. 72% nemenda í dagskóla og 28% í dreifnámi. Sjá skiptingu nemenda eftir brautum í töflum á bls. 8, 9 og 10.

Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í áætlun/stefnuskjali frá árinu 2021 var fylgt eftir á árinu 2022. Sjá nánar á bls. 15-17. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2022 til næstu þriggja ára. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áhersluverkefni og aðgerðir á árinu 2022 sem tengjast skólastarfinu, sjá bls. 17-18.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem skilað er til ráðuneytisins, síðast í september 2022. [Skýrslur um Innra mat](#) eru aðgengilegar á vef skólans.

Úttektir:

Ytra mat, þ.e. úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, fór fram haustið 2022 á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. [Niðurstaða Ytra mats](#) er aðgengileg á vef FVA.

Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2022 var 1.071,5 milljónir kr. samanborið við 955,2 milljónir kr. árið 2021 og afkoman 11,6 milljónir kr. samanborið við 5,6 millj. kr. á árinu 2021. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 103 milljónir í árslok og eignir samtals 223,4 milljónir.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Brottfall:

Brottfall (% eininga) á bæði vorönn og haustönn 2022 var 5,9% eininga.

V-2017	H-2017	V-2018	H-2018	V-2019	H-2019	V-2020	H-2020	V-2021	H-2021	V-2022	H-2022
2,80%	4,50%	2%	3,40%	4,50%	6,40%	4,30%	5,50%	4,75%	6,11%	5,90%	5,90%

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og níu deildarstjóra.

Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í vélvirkjun, húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt öflug starfsbraut. Nemendur af Vesturlandi og víðar eiga þess kost að búa á heimavist.

Sérstaða FVA felst m.a. í fjölbreyttu námsframboði og afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

H) Fylgiskjöl

Tímalína

Tímalína aðgerða og viðbragða á árinu 2022 tengdar gildandi reglum um samkomubann vegna COVID-19:



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Upphaf vorunnar 2022
Kennsla hófst í staðnámi þann 6. jan. Byrjum af krafti þó smitum í samfélaginu fjólgði. 50 manna fjöldatakmörkun gildir og blöndun hópa heimil, 2 m regla og grimuskylda, allir huga að handþvotti og sprittun, hólfaskipt í mótuneyti. Nem. á heimavist taka heimapróf áður en þeir koma. Gildandi takmarkanir til 12. jan.



Úps...smit í gangi!
Nú þarf að spritta sem aldrei fyrr og svo er það gríman! Spritta alla snertifleti í kennslustofum og mótuneyti.

Gríman til öryggis... Minnt á sóttvarnarreglurnar í vikunni og fyrir ball þann 24. feb. var minnt á að taka heimapróf áður ef lasleiki gerði vart við sig. Kláruðum Lífshlaupi 0000 og slúttuðum 4000 km Tene-göngu. Hugað að andlegri heilsu, núvitundarþrógram sett í gang, embætti landlæknis ásamt fleirum blésu til vitundarvakningarinnar "ertu ókei" en það er ljóst að kófið hefur haft áhrif á marga, ekki síst ungmenni og börn.

Minnt á smitgát –
Tilmali um 5 daga einangrun en ekki skylda...þó viðkomandi greinist með Covid, en viðhafa greinist með Covid, en viðhafa greinist með Covid... Viðhöfum áfram einstaklingsbundnar forvarnir: Halda 1 m fjarlægð milli ótengdra, sjálfsgát að nota grímur í fjölmenni þar sem nálægð er mikil, huga að loftræstingu og þvo hendur og spritta og sóttþreinsa sem fyrr, eeeeeeeen **þetta er greinilega að verða búið!!**




Merkið minni þátttöku nemenda í ymsum viðburðum og einhverja deyfð eftir Covid-tíma, birtist líka í skólasókn en flestir framhaldsskólar glíma við það sama. Spurning hvernig við komumst yfir þetta, hvað þarf til? Höfum ekki svör á reidum höndum en kennarar og skólastjórnendur kappkosta að leita leiða sem hvetja nemendur til dáða.

TÍMALÍNA ADGERÐA HIJÁ FVA
V. COVID-19 JAN – MAÍ 2022

Brautskráning 20. maí og annarlok vorib 2022...
Fjölmenni við athöfnina, hátt í 300 manns! – engar takmarkanir í fyrsta sinn í rúmlega tvö ár...en hugum engu að síður að persónulegum sóttvörnum - mikil gleði og hamingja. Þannig lýkur 5. önn skólastarfsins undir áhrifum Covid-19 sem trufur okkur vonandi ekki aftur!



Skagamaður ársins!
Starfsfólk skóla og í frístundastarfi bæjarins var valið Skagamaður ársins á borralóti Skagamanna: Fyrir m.a. að halda úti skólastarfi á árinu við sibréttilegar sóttvarnarreglur og sýna mikla þrautseigju og útsjónarsemi við breytta kennsluáttir sem Covid hefur kallað á.



...en á sama tíma er smitþröskulur hætt í skólum –
Í samræmi við nýjar sóttvarnarreglur; tímabundin takmörkun á samkomum þó sett á frá 12.-25. feb. Fyrir okkur þýddi þetta grimuskylda á sameiginlegum svæðum og í verklegum áföngum en ekki í kennslustofum. Þau sem finna einkenni halda sig heima! Náðum að halda Opna daga, takk fyrir það!

Þetta er samt allt að lagast...grimuskylda afnumin...og skyldan til að vera í einangrun einnig afnumin en smitgát mikilvæg og gríman góð til öryggis...þvöum áfram hendur, sprittum og sýnum tilitssemi. Nú verður gefið í í félagslífinu: Skammhlaup framundan, Tæknimessan undirbúin, valið að fara í gang, fyrirlestur um sjálfstraust, FRÍÐ, söngkeppni framhaldsskólanna og Westside framundan o.fl. Líf og fjör...loksins!

Endurreisn eftir Covid...framundan; við verðum að huga að unga fólkinu okkar enda eru langtímaáhrif Covid-tímans á velferð þeirra ókunn: Leggjum áherslu á félagslega þætti, stuðning og hvatningu. Akkúrat núna notum við öll páskafrí í apríl til að endurnæra okkur.

Vinna og gaman á lokametrum annarinnar – laus við Covid – en líka hugað að næsta skólarári.
Skólastarfi með hefðbundnu sniði, námsmatsdagar og próf. Á sama tíma hefst undirbúningur fyrir næsta skólarár, þ.m.t. rýni á hvernig við getum stuð við unga fólk með áhugavörðum. M.a. styrkjum við stóðteymið, lífsleikniáfang, eflum stuðning við félagslífið nemenda og starfbrigðan lífsstíl.

FVA - Við gefumst aldrei upp þó móti bláslí!